

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útvegum nýrra rentumiða- 40**  
**arka fyrir rentu af óuppsegjanlegum og innleysanlegum rikisskuldabryfum. — 27. febr.**

Með því að rentumiðar þeir, er fylgdu hinum óuppsegjanlegu og innleysanlegu rikisskuldabryfum, er út hafa verið gefin samkvæmt lögum 12. nóvbr. 1886, eigi ná lengra en til 11. desbr. f. á., og því verður að láta af hendi nýja rentumiða fyrir 11 júní þ.á., en það er örðugleikum bundið og hefir nokkurn kostnað í för með sjer fyrir eigendur rikisskuldabryfanna á Íslandi að senda talons skuldabryfanna beint til fjármálaráðaneytisins, skal hjer með, samkvæmt tillögu nefnds ráðaneytis og yðar í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. þ. m., skorað á yður, herra landshöfðingi, að leggja fyrir landfógeta að veita viðtöku talons frá umgetnum eigendum, þeim til hægðarauka, og senda til fjármálaráðaneytisins, svo og að afhenda þeim nýjar rentumiðarkir fyrir tímenn frá 11. júní 1897 til 11. desbr. 1906 með talons, sem munu verða sendar honum frá fjármálaráðaneytinu, og skal í þessum efnun fylgja eptirgreindum reglum.

Þegar talons rikisskuldabryfanna eru afhentir landfógeta skulu, þeim fylgja skýrslur, undirritaðar með nafni, stjett og heimili, um tegund þessara talons sem tilheyrandi óuppsegjanlegum eða innleysanlegum skuldabryfum, um bókstafi og tölu þeirra í rjettri röð; svo skal og tiltaka, hve margir talons eru undir hverjum bókstafi. Fyrir móttöku hinna afhentu talons gefur landfógeti hinum undirritaða handhafa bráðabirgðaskirteini, þar er til er tekið, hve margir talons af hverri tegund eru meðteknir og með hverjum bókstaf þeir eru audkenndir. Bráðabirgðaskirteini eru tölusett og innfærast eptir áframhaldandi töluröð í bók, þar er þess er getið við hvert bráðabirgðaskirteini, hvenær þeir talons, er skirteinið getur um, sjeu sendir fjármálaráðaneytinu, hvenær sendingin kemur aptur frá því, hvenær bráðabirgðaskirteinið er innleyst með afhendingrentumiðarkanna, og hvenær það loks er sent ráðaneytinu. Hinar nýju rentumiðarkir munu verða sendar landfógeta, ásamt skýrslum þeim, er frá honum hafa komið. Þegar landfógeti afgreidir talons til ráðaneytisins, skal hann láta meðfylgja brjef með skýrslu um númer og dagsetning þeirra bráðabirgðaskirteina, sem um er að gjöra, nöfn sendenda og tölu talons, er hvert skirteini um getur.

Talons skal senda í brjefum eða böggjum, og verð þeirra sett 200 kr. Þegar rentumiðarnir eru afhentir, skal bráðabirgðaskirteinunum skilað aptur með áritaðri kvittun; síðan sendir landfógeti þau fjármálaráðaneytinu. Senda skal fjármálaráðaneytinu með pósti þeim, sem síðastur fer frá landinu á árinu, skýrslur um bráðabirgðaskirteini þau, sem þá er enn eigi skilað aptur til landfógeta. Skyldu einhverjir eigendur rikisskuladabryfefa eigi hirða um að fara þann veg, sem hjer er bent á, skal það tekið fram, að talons verður þá að afhenda annaðhvort á rikisskuldaskrifstofunni í Kaupmannahöfn eða á amtsstofu í konungsríkinu fyrir utan Kaupmannahöfn samkvæmt auglýsing, er fjármálaráðaneytið mun gefa út um það.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknalegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir landfógeta, eruð þjer umbedinn að láta auglýsa það sem með þarf í blöðunum, og gjöra að öðru leyti

**41** þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í þessu efni, og er yður jafnframt falið 27. febr. að gjöra þær frekari fyrirskipanir, sem þörf kynni á að vera.

Nokkur eyðublöð undir hinar frammannefndu skýrslur og bráðabirgðaskírteinin fylgja hjer með.

**42** **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að Búland í Skaptártungu**  
13. marz **megi leysast undan prestsmötugjaldi.** — Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 28. nóvember f. á., hefir hans hátign konunginum samkvæmt allra þegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins þar að lútandi allra mildilegast þóknast að veita allra hæst samþykki til þess, að eigendum jarðarinnar Búlands í Skaptártungu í Skaptafellsprófastsdæmi verði leyft að losast við prestsmötugjald það — 80 punda árlegt smjörgjald til prestsins, — er hingað til hefir hvílt á tjeðri jarðeign, gegn því að greiða innan 5 ára einu sinni fyrir allt 1040 krónur, og skal þessi upphæð sett á vöxtu til afnota fyrir Ásaprestakall í Skaptártungu í Vesturskaptafellsprófastsdæmi og nægilega tryggð á þann hátt, er stiptsyfirvöldin nánar ákveði.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum og frekari ráðstöfunar.

#### Embættaskipun og lausn.

29. janúar var síra Halldóri Bjarnarsyni, presti til Presthóla og prófasti í Norðurþingeyjarprófastsdæmi, vikið frá embætti um stundarsakir.

6. apríl var *aðstoðarpresti síra Ólafi Sæmundssyni* af landshöfðingja veitt *Hraungerðisprestakall* í Árnesprófastsdæmi samkvæmt kosning safnaðarins, frá fardögum 1897 að telja.

31. marz setti landshöfðingi Hannes Ó. Magnússon til þess fyrst um sinn að þjóna póstmeistaraembættinu í Reykjavík á eigin ábyrgð.

#### Óveitt embætti.

*Póstmeistaraembættið í Reykjavík.*

Árslaun 2400 krónur.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844, og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því, að þeir kunni íslenska tungu.

Auglýst 13. marz 1897.

Umsóknarfrestur til 1. júlí 1897.

#### Leiðrjetting.

Bls. 30, 19. línu »pott« á að vera *4 potta*

— — 20. — »pottinn« á að vera *4 potta*.